

Borgarbyggð  
Digranesgötu 2  
310 Borgarnes

Reykjavík, 3. nóvember 2023  
UST202310-333/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Breyting - Deiliskipulag - Niðurskógar í landi Húsafells 3 - Hraunbrekkur 33 – Borgarbyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 21. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Niðurskóga í landi Húsafells fyrir Hraunbrekkur 33.

Í greinargerð kemur fram breytingin nær til Hraunbrekku 33, þar sem leyfilegt byggingarmagn er aukið úr 150 m<sup>2</sup> í 230 m<sup>2</sup>. Markmið breytingarinnar til þess að vernda gróður.

Í lögum um skógrækt er lög áhersla á að vernd náttúrulega birkiskóga, auk þess njóta birkiskógarverndar í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun telur æskilegt að leitað sé umsagnar Skógræktarinnar á tillögunni.

### **Hraun**

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um hraunið í deiliskipulagstillögunni.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skipulagssvæðið er á hrauni sem nefnist Geitlandshraun og fellur hraunið undir sérstaka vernd, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hraunið í tillögunni og í tillögunni sé farið eftir þeim skilyrðum sem koma fram í 61. gr. ofangreindar laga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar hafa og mun skipulagstillagan og framkvæmdir á svæðinu valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það og á svæði sem er á náttúruminjaskrá.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort

framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Rakel Sæmundsdóttir

***sérfræðingur***